

**RÍKISSKATTSTJÓRI
SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI RÍKISINS**

Alþingi

Erindi nr. **D** 120 / 1818

komudagur 215 1996

Alþingi
Nefndadeild
Þórshamri

30. apríl 1996

150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvörp um skatt á fjármagnstekjur, 421. og 422. mál.

Með bréfum dags. 19. apríl sl. óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 421. mál og frumvar til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 422. mál.

Embættin hafa farið yfir umrædd frumvörp og telja nauðsynlegt að leggja til að gerðar verði á þeim nokkrar breytingar. Embættin hafa rætt þetta mál við fjármálaráðuneytið og gert því grein fyrir athugasemdum sínum við umrædd frumvörp. Hefur ráðuneytið óskað eftir aðstoð embættanna við að útfæra breytingar á frumvörpunum. Þegar þeirri vinnu er lokið í næstu viku, mun ráðuneytið væntanlega senda nefndinni breytingatillögur ásamt skýringum. Þegar umræddar breytingartillögur eru komnar til háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar eru ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ríkisins reiðubúnir til að fara yfir frumvörpin með nefndinni og svara fyrirspurnum ef þess verður óskað.

Virðingarfyllst,

